

REGLUGERÐ SJÚKRASJÓÐS VERKALÝÐSFÉLAGS VESTFIRÐINGA

1. grein.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Vestfirðinga. Sjúkrasjóðurinn er félagslegur samtryggingasjóður sjóðsfélaga. Heimili hans og varnarþing er á Ísafirði. Sjóðsfélagar eru þeir sem skilað er af umsömdu iðgjaldi af launum til sjóðsins samkvæmt kjarasamningi.

2. grein.

Markmið.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjóðfélaga sem missa atvinnutekjur vegna sjúkdóms eða slysa, með greiðslu dagpeninga, svo og greiðslu útfararkostnaðar eftir þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari.

Sjóðurinn getur varið fé til að stuðla að bættu heilsufari sjóðfélaga með framlögum til rannsókna og fyrirbyggjandi verkefna á sviði heilbrigðis- og öryggismála.

Sjóðurinn getur einnig varið fé til kaupa á sjúkra- og líftryggingum til hagsbóta fyrir sjóðfélaga.

3. grein.

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- Vaxtatekjur.
- Gjafir, framlög og styrkir.
- Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins kann að ákveða hverju sinni.

4. grein.

Réttur til dagpeninga.

Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum.

- Einungis þeir sem sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast.
- Þeir sem greidd hafa verið af til sjóðsins iðgjöld skv. kjarasamningum í a.m.k. 6 mánuði.
- Hafi umsækjandi verið fullgildur aðili í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ þar til hann byrjar greiðslu til sjóðsins.
- Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á að félagsgjöld til félagsins hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.

5. grein.

Dagpeningar og dánarbætur.

- Dagpeningar greiðast frá og og með fyrsta degi eftir að samningsbundinni eða lögákveðinni greiðslu frá vinnuveitanda lýkur. Dagpeningar greiðast í veikinda- og slysaforföllum í 150 daga (5 mánuði). Dagpeningar skulu að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, vera 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
- Dagpeningar greiðast í 90 daga (3 mánuði), að loknum kjarasamnings-bundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu vera 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða

langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.

- c) Dagpeningar greiðast í 90 daga (3 mánuði) vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiða skal 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
- d) Dánarbætur, kr. 225.000 greiðast til eftirlifandi maka eða dánarbús við andlát sjóðfélaga sem greitt hefur verið af til sjóðsins síðustu 12 mánuði af starfsævi hans. Ef liðin eru 5 ár eða meira síðan sjóðfélagi hætti störfum greiðast kr. 100.000. Skilyrði greiðslu er að hinn látni hafi verið sjóðfélagi Verk-Vest samfelld síðustu 5 ár vegna aldurs eða örorku. Séu greiddar dánarbætur vegna hins látna frá öðrum styrktar og sjúkrasjóðum skal það dregið frá framangreindum greiðslum. Bótafjárhæðir miðast við launavísitölu pr. mars 2010 og taka sömu breytingum og hún. Hafi sjóðurinn keypt líftryggingu fyrir sjóðfélagi greiðast ekki dánarbætur.
- f) Vegna meðferðar út af áfengis-, spila- eða fíkniefnasýki sjóðfélaga greiðast að lokinni meðferð dagpeningar í mest 8 vikur, einu sinni á hverjum þremur árum. Greiða skal 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
- g) Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að vera frá vinnu á fyrstu 7 mánuðum meðgöngutímans skal hún eiga rétt á dagpeningum eins og um veikindi væri að ræða. Í tilvikum sem ekki uppfylla skilyrði 4. mgr. 17. gr. laga nr. 95/2000, er heimilt að greiða dagpeninga á 9. mánuði meðgöngu. Greiða skal 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
- h) Dagpeninga skv. staflaðum a), b), c), f) og g) er heimilt að miða við meðaltal heildarlauna á síðustu 12 mánuðum í stað síðustu 6 mánaða, hafi tekjur sjóðfélaga breyst verulega til hækkunar eða lækkunar á viðmiðunartímabilinu. Hámark dagpeninga skv. staflaðum a), b) c), f) og g) er kr. 312.500.- á mánuði. Þessi upphæð miðast við launavísitölu pr. mars 2010 og tekur sömu breytingum og hún.
- i) Réttur skv. staflaðum a), b), c), f) og g) endurnýjast á hverjum 12 mánuðum, hlutfallslega eftir því sem hann er nýttur, talið frá þeim degi sem dagpeningagreiðslum lýkur hverju sinni og greiðslur iðgjalda hefjast að nýju.

Dagpeningar skulu greiddir mánaðarlega.

Réttur til styrks úr sjóðnum fyrnist sé hans ekki vitjað innan tólf mánaða frá því að bótaréttur skapaðist.

6. grein.

Geymd réttindi

- a) Heimilt er að veita þeim sem gengst undir starfsþjálfun, sækir námskeið eða stundar nám í allt að 24 mánuði og hefur síðan aftur störf á samningssviði félagsins endurnýjaðan bótarétt þegar greitt hefur verið til sjóðsins í einn mánuð, hafi umsækjandi áður verið fullgildur sjóðfélagi. Sama gildir um þá sem hverfa frá vinnu vegna veikinda eða af heimilisástæðum.
- b) Þeir sjóðfélagar sem fara í lögbundið fæðingarorlof halda áunnum réttindum sínum hefji þeir þegar að loknu fæðingarorlofi aftur störf á samningssviði félagsins, enda ákveði viðkomandi að viðhalda rétti sínum með greiðslu félagsgjalds í fæðingarorlofi.
- c) Stjórn sjóðsins er heimilt að veita sjóðfélagi, sem verið hefur atvinnulaus, en greitt félagsgjald til félagsins tilskilinn lágmarkstíma samkvæmt 4. grein, rétt til dagpeninga og endurgreiðslna.

7. grein.

Aðrir styrkir.

- a) Sjóðfélagi sem greitt hefur verið af til sjóðsins síðustu 12 mánuði fær greiddan fæðingarstyrk sem nemur kr. 60.000, enda sé greitt iðgjald til félagsins af viðkomandi í fæðingarorlofi. Heimilt er að veita styrk vegna ættleiðingar barns skv. þessari grein.
- b) Sjóðurinn greiðir styrk vegna glasafriðungunar 100.000 kr. í eitt skipti og til tæknisæðingar 25.000 kr. einu sinni á ári til sjóðfélaga sem greitt hefur verið af til sjóðsins síðustu 12 mánuði.
- c) Heimilt er að greiða sjóðfélaga sem verið hefur í fullu starfi næstliðna 12 mánuði styrk vegna dvalar á Heilsustofnun í Hveragerði. Styrkupphæð er að hámarki kr. 2.000.- á dag í allt að 4 vikur. Sjóðfélagi í hlutastarfi fær greitt hlutfallslega. Umsókn skal fylgja læknisvottorð frá þeim lækni sem sendi viðkomandi til dvalarinnar og dagsett kvittun frá Heilsustofnun.
- d) Sjóðurinn endurgreiðir sjóðfélögum kostnað vegna krabbameinsskoðunar, hafi verið greitt af þeim til sjóðsins síðustu 12 mánuði.
- e) Sjóðfélagar fá styrk vegna endurhæfingar, sjúkrahjálfunar og sjúkranudds, allt að 25 skipti á ári, hafi verið greitt af viðkomandi til sjóðsins síðustu 12 mánuði. Endurgreidd eru 50% kostnaðarhluta sjúklings skv. reikningi frá viðkomandi stofnun, enda sé meðferðin samkvæmt tilvísun frá lækni.
- f) Í desembermánuði ár hvert skal verja, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni, ákveðinni upphæð til félagsmanna sem orðnir eru 70 ára og hættir störfum og greiddu til félagsins við starfslok.
- g) Styrkur vegna viðtalsmeðferðar hjá sálfræðingi, geðhjúkrunarfræðingi, félags- eða fjölskylduráðgjafa. Miðað er við að meðferðaraðili falli ekki undir afsláttarkjör hjá Tryggingastofnun, svo sem eins og t.d. á við um geðlækna. Greitt er allt að kr. 3.000,- fyrir hvert skipti vegna sjóðfélaga sem greitt hefur verið af til sjóðsins næstliðna 12 mánuði. Þó er aldrei greitt meira en sem nemur 50% af kostnaði í allt að 12 skipti á hverjum 12 mánuðum. Umsókninni skal fylgja frumrit af dagsettri kvittun fyrir meðferðinni, sem og ljósrit af síðasta launaseðli.
- h) Greiddur er styrkur vegna tannlækninga sjóðfélaga, að hámarki 30.000 kr. á ári, en þó aldrei meira en 50% af kostnaði hverju sinni. Skilyrði er að greitt hafi verið af viðkomandi til sjóðsins síðustu 12 mánuði.

8. grein.

Styrkir – iðgjaldatengdir.

Greiddir eru styrkir til félagsmanna vegna líkamsræktar, myndatöku vegna sjúkdóma og slysa og kostnaðar vegna hjálpartækja s.s. gleraugna og heyrnartækja ef ekki koma til greiðslur frá T.R. Einnig styrkir vegna sjónlagsaðgerða (laser). Styrkir eru greiddir vegna meðferðar og lyfja við tóbaksfíkn.

Upphæð skal miða við 50% af útlögðum kostnaði skv. reikningi, að hámarki 40% af iðgjöldum viðkomandi í sjúkrasjóð síðustu 36 mánuði.

Sjóðfélagi sem látið hefur af störfum og greitt var af til sjóðsins a.m.k síðasta árið fyrir starfslok getur nýtt þá inneign sem hann átti við starfslok á 5 næstu árum.

9. grein.

Umsókn og læknisvottorð.

Sá sem æskir greiðslu dagpeninga skal leggja fram skriflega umsókn til sjóðsins ásamt læknisvottorði er tilgreini þann dag sem hlutaðeigandi veiktist eða slasaðist og hvenær hann varð eða verður vinnufær á ný. Ennfremur starfsvottorð vinnuveitanda um starfshlutfall síðustu 12 mán. og hvenær launagreiðslum lauk. Sjóðurinn endurgreiðir umsækjendum kostnað af læknisvottorðum vegna umsóknar. Eyðublöð fyrir umsóknir lætur sjóðsstjórn gera og lætur umsækjendum í té.

Heimilt er stjórn sjóðsins að krefjast þess að umsækjandi um dagpeninga leggi fram vottorð frá sérstökum trúnaðarlækni sjóðsins.

10. grein.

Sjóðsstjórninni er heimilt að verja hluta af tekjum sjóðsins til að standa straum af kostnaði við rekstur hans. Þá má verja af fé sjóðsins til skrifstofutækja allt að helmingi á móti félagsjóði, enda séu þau eign sjóðsins í sama hlutfalli.

11. grein.

Engar greiðslur úr sjóðnum aðrar en áður hafa verið taldar eru heimilar nema til komi samþykki félagsfundar og enga upphæð má greiða úr sjóðnum nema eftir bókaðri ákvörðun sjóðsstjórnar.

12. grein.

Þegar farsóttir geisa getur félagsfundur, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, leyst sjóðinn frá greiðsluskyldu um stundarsakir. Félagsfundur getur einnig, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, ákveðið að lækka dagpeninga um stundarsakir, en þó ekki yfir skemmri tíma en 6 mánuði, ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

13. grein.

Stjórn sjóðsins, afgreiðsla og reikningshald.

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum og sex til vara, sem eru kjörnir á aðalfundi.

Afgreiðsla sjóðsins skal vera í aðalskrifstofu Verkalýðsfélags Vestfirðinga og þjónustuskrifstofum félagsins.

Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af félagslegum skoðunarmönnum og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund félagsins.

Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.

Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokks skv. 5 .gr.

Um bókhald, reikninga og endurskoðun fer að öðru leyti skv. viðmiðunarreglum um bókhald og ársreikninga stéttarféлага og landssambanda sbr. 3. mgr. 44.gr. laga ASÍ eins og þær reglur eru á hverjum tíma.

14. grein.

Úttekt óháðra eftirlitsaðila

Ár hvert, eigi síðar en 31. maí, skulu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins sendir skrifstofu ASÍ.

Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórn sjóðsins skal senda miðstjórn ASÍ úttekt þessa með ársreikningi sjóðsins.

Við mat á framtíðarstöðu sjóðsins skal tilgreina rekstrarkostnað, ávöxtun sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Sérstaka grein skal gera fyrir áhrifum á afkomu sjóðsins vegna ákvarðana skv. staflíðum c, og d í 5. gr. og staflíðum a, b, og f í 6. gr. Ennfremur vegna inneignatengdra styrkja.

Geti sjóðurinn ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. niðurstöðu úttektarinnar ber stjórn sjóðsins að leggja fyrir aðalfund tillögu að breytingu á reglugerð sem tryggir að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

15. grein.

Sjóðurinn ávaxtast í fasteignum sem félagið er eigandi að og í innlánskírteinum og skuldabréfum með bæjar- eða ríkisábyrgð, þó svo að ávallt sé handbært í almennum innlánsreikningum nægjanlegt fé til árlegra útgjalda.

Gjald til sjóðsins af kaupi verkafólks skal ákveðið í samningum milli Verkalýðsfélags Vestfirðinga og vinnuveitenda. Innheimtu gjaldsins annast aðalskrifstofa félagsins.

16. grein.

Reglugerð þessari má aðeins breyta á aðalfundi Verkalýðsfélags Vestfirðinga með 2/3 hlutum atkvæða. Geta skal þess í fundarboði, ef stjórn sjóðsins hyggst leggja breytingar fyrir fundinn.

17. grein.

Allar breytingar á reglugerð þessari skulu sendar skrifstofu A.S.Í. samkvæmt 2. málsgrein 42. greinar laga Alþýðusambands Íslands.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Vestfirðinga 22. maí 2015.